



Hafnarfirði 9.5.2017

Til Bæjarstjórnar Hafnarfjarðar

Ég sendi hér með yfirlýsing mína eins og beðið var um.

Í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar, sem er til afgreiðslu á Alþingi er rætt um að undanfarin ár hafi átt sér stað undirfjármögnun framhaldsskóla. Hún hefur leitt til mikillar hagræðingar innan skólastigsins nú þegar. Í áætluninni er sagt m.a. „Langvarandi aðhald í fjárhheimildum til framhaldsskóla hefur sett mark sitt á starfsemi framhaldsskóla og rekstrarstöðu þeirra.“

Rekstrarvandi skólans undanfarin ár orsakast m.a. af þessu og þeirri þjónustu sem skólinn hefur veitt og gerir hann jafn framúrskarandi og raun ber vitni. Tína má til fjölda verkefna sem unnið hefur verið að undanfarin áratug eða svo sem hefur skapað ótvíraða forystu og sérstöðu í fjölmögum málum.

Hér er starfrækt, líklega, langöflugasta afrekssvið landsins á sviði íþróttta, og það elsta. Fjöldi afreksmanna og kvenna hefur farið hér í gegn og stór hluti þeirra hefur iðkað íþrótt sína erlendis. Nægir að nefna þau Hrafnhildi Lúthersdóttur, Ólaf Andrés Guðmundsson, Söru Björk Gunnarsdóttur og Kára Jónsson, svo örfá nöfn séu nefnd.

Félagslíf stendur í blóma með t.d. frábærum árangri í Morfís, góðum árangri í Gettu betur og ótrúlega flottum hópi nemenda sem skorar hátt í rannsóknum ýmissa aðila á heilbrigðum lífsháttum.

Listalíf er öflugt, kór skólans og eldri kór hafa vakið athygli hvar sem þau fara. Nokkurra ára sasmtarf við Gaflaraleikhúsið bar heldur betur árangur á þessu vori og er þá fátt eitt nefnt.

Skólastarfið hefur einkennst af forystu skólans í málefnum Heilsueflandi framhaldsskóla og erum við nú komin hreinlega á annað plan í mörgum efnum, hvað varðar sjálboðaliðaverkefni, samfélagsleg verkefni (t.d. Flensborgarhlaupið), núvitund og margt fleira.

Í fjölmögum námsgreinum er framsækni einkennandi í hugsun og verklagi og ljóst að mannauður skólans, meðal starfsmanna og nemenda er gríðarlegur.



FLENSBORGARSKÓLINN Í HAFNARFIRÐI

Nemendaþjónustan, skipuð tveimur námsráðgjöfum, kennsluráðgjafa (50%) og sálfræðingi (50%) o.fl. er að skila frábærum árangri.

Sá samdráttur sem nú er glímt við er að hluta til komin til vegna ofangreindra verkefna. Allt kapp er lagt á að hann verði tímabundin, við tölmum um núllstillingu, og að þess sé gætt að verja störf eins og framast er unnt. Einnig að tryggja þjónustustig skólans svo hann verði áfram, eins og nú, forystuskóli eða eins og við segjum á Hamrinum: „Flensburg, - fyrst og fremst.“

Allur stuðningur við okkar góða starf verður okkur hvatning á komandi mánuðum.

Magnús Þórðarson
Skólameistari
Flensborgarskólinn í Hafnarfirði

Ályktun Kennarafélags Flensborgarskólans

Á félagsfundi Kennarafélags Flensborgarskóla 2. maí 2017 var eftirfarandi ályktun samþykkt.

Kennrar Flensborgarskólans í Hafnarfirði lýsa yfir áhyggjum sínum yfir langvarandi aðhaldi í fjárheimildum til framhaldsskóla sem sett hefur mark sitt á starfsemi og rekstrarstöðu skólans.

Það er hagsmunamál íslenskrar æsku og um leið íslensks samfélags að vel sé vandað til menntunar og að sá umtalsverði sparnaður sem verður til vegna styttингar námstíma til stúdentsprófs sé nýttur til að efla framhaldsskólkakerfið, en endurspeglist ekki í lægri framlögum til málefnaviðsins.

Langvarandi aðhald í fjárheimildum til framhaldsskóla hefur sett mark sitt á starfsemi framhaldsskóla og rekstrarstöður þeirra. Undirfjármögnun hefur bitnað á gæðum kennslu og námsframboði og í sumum tilfellum hefur ekki verið unnt að veita viðunandi stoðþjónustu eða endurnýja búnað og kennslutæki.

Kennarafélag Flensborgarskólans